

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 22. apríl 2014  
Tilvísun: UST20140400145/bs

## Tenging Blönduveitu með 66 kV jarðstreng - umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 7. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða lagningu jarðstrengs á allt að 66 kV spennu ásamt ljósleiðara um 25-26 km leið frá Kolkuvirkjun við Blöndulón meðfram Kjalvegi að Blöndustöð. Frá Kjalvegi mun strengurinn verða lagður að fyrirhuguðum framkvæmdarsvæðum við Friðmundarvirkjun og Þramarvirkjun. Hluti leiða að fyrrnefndum virkjunum verður lagður í vegstæði aðkomuvega. Strengurinn verður að mestu lagður á svæði sem þegar hefur verið raskað. Ráðgert er að leggja rúmlega 2 km slóða þar sem vikið verður frá Kjalvegi. Strengurinn verður hvergi lagður um votlendi.

Efnispörf er talin verða alls um 25.000 m<sup>3</sup>. Sett verður skilyrði í útboðsgögnum um að verktakar taki einungis efni úr nánum sem eru með tilskilin leyfi.

Niðurstaða: Framkvæmdarsvæði fyrirhugaðrar framkvæmdar er að mestu á vegsvæði Kjalvegar sem raskað var við lagningu þess vegar. Framkvæmdasvæði verður jafnað og grætt upp. Umhverfisstofnun telur að til uppgræðslu eigi að velja lágvaxnar grastegundir sem svipar til staðargróðurs.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri

Björn Stefansson  
sérfræðingur